



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Steinahlíð

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	7
4	Innra mat deilda 2024-2025.....	8
4.1	Laut	8
4.2	Kjarr.....	9
4.3	Hlíð	10
5	Umbótaáætlun 2025-2026.....	12
5.1	Laut	12
5.2	Kjarr.....	13
5.3	Hlíð	14
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	16
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	16
8	Foreldrasamvinna.....	16
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
10	Fylgiskjöl	19





1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn Steinahlíð er lítill þriggja deilda leikskóli. Í skólanum eru öllu jafna 51 barn. Frá og með áramótum hafa börnin þó verið 52. Stöðugildi í skólanum eru um 14.

Starfsmannahald hefur verið nokkuð stöðugt þennan veturinn. Við höfum nokkuð hátt hlutfall af fagmenntuðu fólki. Í leikskólanum Starfa sex leikskólakennarar, að auki má nefna að við höfum starfsmann sem er langt komin með leikskólakennaranám. Að auki höfum við fólk með aðra menntun. Stjórnendur hafa hvatt starfsfólk til þess að sækja sér menntun. Einn starfsmaður hætti sökum aldurs á árinu. Við fáum svo einn leikskólakennara til okkar í ágúst sem verið hefur í leyfi frá störfum í eitt ár.

Við munum halda áfram að leggja áherslu á útiveru og útinám í allri sinni mynd. Við höfum nýtt okkur gróðurhúsið okkar til ræktunar. Það hefur gert það að verkum að við höfum getað byrjað fyrr á vorin að hefja ræktun. Segja má að með tilkomu gróðurhússins hafi skapast hefð fyrir því að elstu börn leikskólans rækta Skjaldfléttu sem þau fá svo afhenta við útskriftarathöfn. Eins og fyrri ár þá bjóðum við öllu starfsfólki og foreldrum allra barna að taka sér smá skika til ræktunar í matjurtargarðinum okkar. Félagasamtökin sumargjöf hafa staðið straum af kostnaði við að plægja garðinn.

Segja má að við séum enn mikið að horfa til þeirra umbótaþátta sem við völdum okkur í fyrra. Þeir eru: Hópastarf, útinám og félagsfærni. Starfsfólk leikskólans tók skyndihjálparnámskeið nú á árinu. Við reynum svo að fara eftir áhuga hvers og eins þegar símenntun er ákveðin.

Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar. Segja má að þau hafi komið mjög vel út. Starfsfólk er sátt hér í Steinahlíð og ætlar að halda áfram að vinna hér. Það gefur okkur möguleika á því að byggja áfram að þeim trausta grunni sem við búum við og efla þann mannauð sem er hér til staðar.

Það er mér sérstök ánægja hvað við komum vel út úr foreldrakönnun sem framkvæmd var þetta árið. Niðurstöður hennar segja okkur tvímannalaust að við erum á réttri leið. Foreldrar meta það svo að börnum þeirra líði vel í leikskólanum, þeir treysta einnig starfsmönnum leikskólans.

Ef horft er fram á næsta ár mun útinám klárlega verða áhersluatriði. Ég hef alltaf reynt að leyfa góðum hugmyndum að lifa. Eins og komið hefur fram hér að framan er ég afar stoltur af því fólki sem hér starfar. Þetta fólk er uppfyllt af hugmyndum að allskonar verkefnum. Ég hef reynt að gera mitt besta til þess að gefa þessum góðu hugmyndum líf svo að þær verði að veruleika því að þannig gef ég líka fólkinu mínu trú á eigin getu og verðleikum. Þannig heldur maður í gott fólk.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Starfsmannaviðtöl
Hvernig fór matið fram?	Viðtal milli leikskólastjóra og starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsmenn sáttir. Mikill stöðugleiki í starfsmannahaldi. Má bæta upplýsingagjöf. Fólk vill samvinnu, höfum bætt okkur þar.

Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á tölvupóstfang starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn á leikskólanum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsfólk Steinahlíðar lýsir mikilli ánægju með vinnustaðinn og ber honum gott vitni í flestum þáttum könnunarinnar. Starfsandinn er sagður jákvæður og hlýlegur, og starfsfólk upplifir að það hafi sjálfstæði í starfi og skýran tilgang með því sem það gerir. Ánægja og stolt af starfinu eru áberandi, og leikskólinn virðist skapa umhverfi þar sem fólk finnur fyrir virðingu og trausti. Stjórnun leikskólans fær einnig góðar undirtektir. Leiðtogar eru taldir aðgengilegir og styðjandi, og starfsfólk upplifir að það fái tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Jafnrétti er metið hátt, og starfsfólk finnur fyrir sanngirni og virðingu óháð kyni eða öðrum þáttum. Þó að heildarniðurstöður séu jákvæðar, koma fram ákveðin atriði sem mætti bæta. Það má greina að





	vinnuskilyrði, svo sem aðstaða og álag, séu ekki alltaf á pari við væntingar starfsfólks. Nýliðafræðsla og móttaka nýrra starfsmanna gæti verið markvissari, svo nýtt starfsfólk fái betri stuðning í upphafi starfsferils.
--	---

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnunin var send til foreldra og forráðamanna barnanna á leikskólanum. Það var send út ein könnun fyrir hvert barn.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar og/eða forráðamenn barna á leikskólanum Steinahlíð.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Foreldrakönnunin dregur upp mjög jákvæða mynd af leikskólastarfinu, þar sem foreldrar lýsa mikilli ánægju með bæði umhverfi og starfsemi. Niðurstöðurnar sýna að börnin líða vel, þau upplifa öryggi og fá stuðning frá starfsfólki sem þekkir þarfir þeirra vel. Samskipti við foreldra eru hlý og fagleg, og starfsandinn í leikskólanum er talinn einstaklega góður. Foreldrar hrósa sérstaklega fyrir áherslu á útveru og skapandi starf, þar sem börnin fá að njóta frelsis og tjá sig á eigin forsendum. Leikskólinn er einnig talinn bjóða upp á gott samstarf við foreldra og taka vel á móti hugmyndum og ábendingum. Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengilegir, og leikskólinn nýtur trausts og virðingar meðal foreldra. Þrátt fyrir þessa sterku stöðu koma fram ákveðin umbótatækifæri. Aðbúnaður leikskólans er gagnrýndur, sérstaklega hvað varðar húsnæði og aðstöðu fyrir starfsfólk. Foreldrar lýsa yfir áhyggjum af þröngu rými og skorti á viðeigandi undirbúningaaðstöðu. Einnig má bæta kynningu á stefnu leikskólans og hvernig hún





birtist í daglegu starfi, þar sem margir foreldrar þekkja hana aðeins að hluta eða alls ekki.

Mat á þroska og framvindu barna mætti vera sýnilegra og skýrara gagnvart foreldrum, og ráðgjöf um uppeldi og heilsu gæti verið aðgengilegri.

Í heildina er Steinhlið afar vel metinn af foreldrum tem telja hann vera hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem börn fá að vaxa og dafna.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnun
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Móttaka nýrra starfsmanna verði markvissari og unnin eftir móttökuáætlun Steinahlíðar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þegar nýr starfsmaður er ráðin fer móttökuáætlun af stað. Móttökuáætlun er lokið eftir 2 mánuði og þá er tekin ákvörðun um áframhaldandi ráðningu.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2025 Lokið október 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Árangur verður metin út frá því hvort að gátlistar vegna móttöku nýrra starfsmanna hafi verið fylltir út og hvernig stjórnendum finnst móttökuáætlun nýtast á deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið um góðan árangur er þríþætt. (1) Að nýtt starfsfólk telur sig hafa fengið góða upplýsingagjöf og kynningu á starfinu á mati eftir 2 mánuði. Metið með gátlista. (2) Að stjórnendur telji að nýtt starfsfólk hafi öðlast góðan skilning á starfinu eftir 2 mánuði. Metið með gátlista. (3) Að starfsfólki sem veldur ekki starfinu sé sagt upp á reynslutíma.





4 Innra mat deilda 2024-2025.

4.1 Laut

Styrkleikar

- Markviss málörvun: Á hverjum degi eru haldnar „Lubbastundir“ þar sem farið er yfir málhljóð vikunnar, lesnar sögur, sungin lög og skoðaðar myndir. Einnig er lögð áhersla á lestur í litlum hópum og spiluð bingóspil sem styðja við málþroska barna.
- Sveigjanlegt hópastarf: Hópastarfið hefur gengið vel þrátt fyrir að ekki hafi verið fastir dagar. Með því að halda því tvisvar í viku hefur skapast meiri ró og minni líkur á að það falli niður.
- Fjölbreytt innihald hópastarfs: Börnin hafa fengið að taka þátt í listsköpun, málörvun, hlutverkaleik og byggingarleik með fjölbreyttum efnivið. Skynörvunarbakkar bættust við undir lok skólaársins og voru vel nýttir.
- Skipulögð listsköpun: Í listsköpun var unnið eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi, en einnig gafst rými fyrir sveigjanleika og sköpun.
- Útinám og tenging við náttúru: Þegar veður og mönnun leyfðu var farið í gönguferðir, heimsóknir í stóra garðinn og unnið í Bambahúsinu. Þátttaka í sáningu og umönnun plantna jókst og deildin tók virkan þátt í ábyrgð á plöntum.

Tækifæri

- Loftgæði og útikennsla: Loftgæði geta haft áhrif á útinám. Því þarf að þróa skýrari viðbragðsáætlun fyrir daga þegar ekki er hægt að fara út, t.d. með markvissri stöðvavinnu eða listasmiðju innandyrá.
- Fyrirsjáanleiki í verkefnum: Þó hópastarfið hafi gengið vel mætti bæta við betra yfirliti yfir verkefni og skipulag svo allir starfsmenn viti hvað er framundan og geti tekið þátt á markvissan hátt.
- Viðvera starfsmanna: Þó að oft hafi verið þrír starfsmenn á deildinni, getur mönnun haft áhrif á framkvæmd hópastarfs og útináms. Mikilvægt er að halda áfram að nýta mannafla vel og tryggja að allir fái tækifæri til að sinna skapandi og þroskandi starfi með börnunum.





4.2 Kjarr

Styrkleikar

Hópastarf og útinám hafa tekið jákvæðum framförum í vetur. Unnið var með hópastarf tvisvar í viku, þar sem börnunum var skipt upp í tvo minni hópa. Oft tókst að tengja útinám og hópastarf saman, sem skapaði samhengi í námi barnanna. Þegar við unnum með fugla, þá náðist vel að tengja nám bæði úti og inni, sem gerði efnið lifandi og fjölbreytt. Náttúrulegur efniviður var líka nýttur í innivinnu, sem jók tengingu við umhverfið.

Þegar loftgæði buðu ekki upp á útiveru, nýttum við leikherbergið í Herkastalanum, sem hefur reynst mjög vel – bæði til að fá tilbreytingu og hreyfingu. Þá var sett upp skúffa á deildinni með fjölbreyttum verkefnum sem starfsfólk lagði sitt af mörkum í, og hefur það auðveldað undirbúning og boðið upp á fjölbreytta valkosti þegar ekki er hægt að fara út.

Verkefnið að koma upp útikennsluverkefnum í Steinagerði hefur líka gengið mjög vel. Nú er til gott safn af útiverkefnum og verkefnaspjöldum sem auðvelt er að grípa í. Starfsfólk tók þátt í að þróa efnið, og hefur þetta dregið úr undirbúningsálagi og bætt gæði útinámsins. Börnin fara nú reglulega út fyrir leiksvæðið og læra þannig um umferðaröryggi og reglur í hópferðum. Samstarf á milli deilda, t.d. heimsóknir á Hlíð, hefur líka verið gott og bætt félagsleg tengsl og reynslu barnanna.

Í félagsfærninni hefur Blær verið sýnilegur á deildinni og notaður sem tákn fyrir vináttu og góð samskipti. Lesnar hafa verið sögur tengdar honum og umræðuefni tekið upp í samverum annað slagið. Starfsfólk hefur sýnt vilja og áhuga á að þróa þetta verkefni áfram.

Tækifæri

Þó hópastarfið hafi gengið vel að mestu leyti, þá var markmiðið upphaflega að hafa það þrisvar í viku. Þar er því tækifæri til að skoða hvort hægt sé að bæta við einni viðbótar vinnustund og halda betur utan um samræmingu við útinámið. Einnig mætti halda betur utan um hvernig hópastarf og útinám eru skráð og metin, svo við getum séð hvað virkar best og hvar við getum bætt okkur.

Þó vel hafi tekist að bregðast við þegar loftgæði voru slæm, væri hægt að þróa verkefnaskúffuna enn frekar og tryggja að allt starfsfólk sé meðvitað um efnið og hvernig hægt er að nýta það í mismunandi aðstæðum.

Í félagsfærniverkefninu tengdu Blæ náðum við ekki að halda þeim föstu ramma sem við lögðum upp með í upphafi. Reglulegar Blæ-stundir urðu ekki að föstum lið í daglegu skipulagi, sem hefði styrkt





verkefnið og aukið áhrif þess. Það er því mikilvægt að koma því í fast form á næsta skólaári, bæði með skipulagðri dagskrá og markvissum verkefnum. Einnig þurfum við að styðja starfsfólk betur í notkun efniviðarins, svo það nýti hann af öryggi og skilningi.

4.3 Hlíð

Styrkleikar

Það eru ýmsir styrkleikar sem einkenna deildina og hafa skilað sér í góðu starfi í vetur. Þrátt fyrir að skólahópurinn sé stór hefur skipulagið virkað vel og dagleg skólastund gengið ágætlega. Lubba-stundir hafa verið fastur liður og verkefni tengd honum unnin reglulega. Hópastarf fyrir áramótin gekk mjög vel, þar sem börnunum var skipt í minni hópa, bæði eftir aldri og áhuga. Það skapaði ró og góða vinnustund fyrir bæði börn og starfsfólk.

Samstarf við aðra hefur líka verið sérstaklega öflugt. Við höfum átt mikið og gott samstarf við Vogaskóla í vetur og farið í heimsóknir í ýmis fög, svo sem heimilisfræði, myndmennt, íþróttir og bókasafn. Við höfum líka fengið nemendur í Vogaskóla í heimsókn til okkar, 7. bekkur kom í heimsókn að lesa fyrir okkur í nokkur skipti. Einnig hafa eldri bekkingar komið í garðinn með útináms verkefni, að leika sem og í íþróttatímum.

Við höfum mætt á sýningar og söfn eins og Ofurhetjumúsín í Borgarleikhúsinu og „fiskur og fólk“ á Sjómyrnjasafninu og farið í Árbæjarsafnið. Elstu börnin hjá okkur taka alltaf þátt í barnamenningarhátíðinni sem endar með samsöng í Hörpunni. Verkefnið hefur verið í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Bókasafnið í Sólheimum hefur boðið upp á sögustundir og lánað okkur bækur til að taka með í leikskólann, sem hefur gengið mjög vel og verður klárlega haldið áfram.

Ævintýraborg Vogabyggð, kom til okkar þegar slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom í heimsókn, Vogabyggð bauð okkur á brúðu leiksýninguna Pétur og úlfurinn. Þann dag var mikil mannekla hjá okkur og komu starfsmenn frá Vogabyggð og aðstoðuðu okkur við að koma börnunum til þeirra og aftur til baka. Á barnamenningarhátíðinni fórum við saman í Hörpuna og vinnum saman að verkefninu. Við fórum saman á Ofurhetjumúsina í Borgarleikhúsinu í maí. Síðasta sumar komu þau til okkar í garðinn að grilla og fóru með okkur í ferðir. Þetta samstarf er alveg frábært og mikill vilji er til að halda því áfram. Í sumar verður farið í vettvangsferðir saman og Reykjavík könnuð.





List- og útinám hefur verið stór þáttur í starfinu, sérstaklega í gegnum þemavinnu. Á haustönninni unnum við með tröll, veður og árstíðir og tengdum það saman með sögum, listaverkum og leirvinnu. Eftir áramótin var svo unnið með fugla, náttúru og ræktun og tókst það líka vel.

Tækifæri

Þó margt hafi gengið vel eru ákveðin tækifæri til að þróa starfið áfram. Eftir áramótin dróst hópastarfið saman þar sem starfsmaður sem sinnti bæði listsköpun og útinámi (að hluta) hætti skyndilega vegna slyss, og þar að auki komu upp mikil veikindi og fjarvistir. Það hefði verið gott að hafa betri varaplan eða fleiri sem gætu tekið við svipuðum verkefnum til að halda betur dampi í hópastarfi. Einnig er tækifæri til að halda áfram að skoða hvernig könnunaraðferðin getur nýst okkur, þar sem við vorum rétt farin að vinna með hana og sjá hvernig hún gæti stutt við áhugasvið barnanna.

Það væri líka hægt að þróa þemavinnuna enn meira, til dæmis með því að tengja saman námssvið og verkefni enn markvissar og vinna með þau lengur í senn. Og þar sem samstarfið við aðra hefur gengið svona vel væri líka sniðugt að halda utan um það betur, skrásetja hvað hefur gengið vel.

Í heildina hefur starfið í vetur verið fjölbreytt, innihaldsríkt og vel útfært. Með því að byggja ofan á það sem vel hefur gengið og nýta tækifærin sem gefast má halda áfram að styrkja starfið og skapa börnunum öflugt, skapandi og lærdómsríkt umhverfi.





5 Umbótaáætlun 2025-2026

5.1 Laut

Leikur

Við höfum verið að skipta börnunum meira en vanalega í fleiri hópa og ætlum við að gera það enn meira á næsta ári. Það gerum við með því að starfsmenn minna hvort annað á að bjóða uppá leik í t.d. litla leik hornið eða í sameiginlega rýminu frammi.

Við stefnum að því að bæta í verðlausa efniviðinn á deildinni og gera hann aðgengilegri fyrir börn og starfsfólk.

Hinn frjálsi leikur er allt árið í kring .

Allir starfsmenn á deildinni sjá um að gefa frjálsa leiknum rými og að safna í verðlausa efniviðinn.

Einnig munum við taka mat á því hvernig gangi á deildarfundum og starfsdögum.

Læsi

Á Laut eru svokallaðar „Lubbastundir“ á hverjum degi þar sem farið er yfir máhljóð vikunnar, lesin saga, sungið lag og skoðaðar myndir sem eiga við.

Við lesum fyrir börnin í samverustundum og í litlum hóp áður en þau fara út að leika. Við spilum líka bingóspil, sem eykur málþroska.

Markmið okkar fyrir næsta ár er að halda því áfram en bæta við bingóspilum og búa til sönglagalista fyrir bæði foreldra og starfsmenn.

Starfsmenn skiptast á að sinna bæði Lubbastund, lestri og söng. Deildastjóri sér um að búa til sönglagalista í samráði við starfsmenn deildarinnar. Einnig að ræða við skólastjóra um kaup á bingóspilum.

Lestur og söngur er allt árið en Lubbastundirnar og skipulagðar málörvunarstundir/bingóspil eru frá lok september til maí.

Við munum taka mat á því hvernig gangi á deildarfundum og starfsdögum.

Hópastarf; (Verkefni, listsköpun,og útinám)





Hópastarfið hefur gengið vel. Við höfum ekki haft fasta daga eins og áður, en í staðinn reynt að hafa það 2 sinnum í viku og ekki fast hvenær við færum í útinám og hvenær við værum inn. Ef það var gott veður og nægur mannskapur, fórum við í útinám. Þar sem að við vorum oftast 3 og breytilegt hvenær undirbúningstími starfsmanna var, komumst við að því að þetta virkar best.

Með þessari breytingu var minna stress á deildinni og minni líkur á að starfið félli niður. Við skiptum okkur í 2 hóp eða rúlluðum á 3 svæðum þegar við vorum inni.

Við ætlum að halda áfram að vinna eftir þessari breytingu og á næsta deildafundi munum við setja upp sýnilegri hugmyndabanka fyrir útinámið. Á seinasta deildafundi bjuggum við til lista yfir það sem við ætlum að gera í listasmiðjunni önnina 2025-2026.

Allir fastir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á því að halda hópastarfinu gangandi og koma með hugmyndir af verkefnum.

Hópastarfið er frá enda september (eða þegar aðlögun er búin) og endar í maí.

5.2 Kjarr

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hafa vikulega Blæ stund í minni hópum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við viljum hafa 1 hóp í Blæ stund á meðan hin börnin eru að klæða sig út.
Ábyrgð	Allir deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst mars 2025 Lokið apríl 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með skráningum yfir Blæ stundir. Á 1 deildarfund á hverri önn. Að við höldum vikulegum Blæ stundum. Að börnin eru að tala um Blæ og vísa í vináttuna





5.3 Hlíð

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hópastarf.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda skipulagi hópastarfsins eins og hægt er. Skiptum hópastarfinu í þrjá hluta; myndmennt, útinám og hreyfingu/ýmis verkefni. Hópastarf þrisvar sinnum í viku fyrir hvern hóp Breytum skipulagningu kennaranna með því að nýta styrkleika hvers og eins frekar og að hver hópur er eina viku í hverju verkefni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2025. Lokið maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mánaðarlegir deildarfundir og endurmat að vori.. Skrá niður hvenær hópastarf er, hver er með hópinn og hvað er gert (einföld skráning). Endurmat og frekari úrbætur að ári fyrir starfsáætlun.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Nýtting mannauðs - útivera
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Starfsfólk í útiveru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk þarf að vera færanlegra í útiverunni. Skipta svæðinu í utan girðingar og innan girðingar.





Ábyrgð	Allir starfsmenn á deildinni
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst maí 2025. Lokið maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmat á starfsdögum yfir veturinn Gera reglur og viðmið fyrir svæðin, utan girðingar og innan girðingar.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar þetta árið. Stundum hafa deildarstjórar tekið hluta af þeim viðtölum, þetta árið tók leikskólastjóri þau öll og kom það vel út. Starfsfólk er almennt ánægt í starfi sem sjá má á miklum stöðugleika í starfsmannahópnum. Upplýsingagjöf til starfsmanna er nokkuð sem lengi má bæta. Upplýsingagjöf til starfsmanna er nokkuð sem stjórnendur þurfa alltaf að hafa í huga svo að ekkert gleymist.

Áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2024-2025

- Skyndihjálparnámsskeið 17. febrúar
- Læsisstefna leikskólans kynnt og rædd 10. Jan
- Reglur settar fyrir útisvæði leikskólans 24. Mars
- Fræðsla um skónanámskrá frá Kristínu Hildi Ólafsdóttir 28. Nóv 24
- Starfsfólk Steinahlíðar hefur einnig veruleg áhrif á fræðslu og námskeið sem haldin eru við reynum að efla starfsfólk og hvetja það áfram til góðra verka

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

- Mikil áhersla er lögð á að börnin kynnist grunnskólaumhverfinu áður en þau hefja þar nám. Þetta er gert með reglulegum heimsóknum í Vogaskóla þar sem börnin taka þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum eins og heimilisfræði, myndmennt, íþróttum og bókasafnsheimsóknum.
- Samvinna við eldri nemendur: Eldri nemendur grunnskólans koma í heimsókn til að lesa fyrir börnin á Hlíð og taka þátt í leik og útinámi með þeim. Þetta styrkir tengsl á milli aldurshópa og eykur félagslega tengingu.

8 Foreldrasamvinna

Við munum halda foreldrasamvinnu áfram óbreyttri. Það kom skýrt fram í foreldrakönnun leikskólans að það er ánægja með núverandi fyrirkomulag foreldrasamvinnu. Allir sem að tóku þátt í könnununi töldu leikskólann hvetja foreldra hæfilega mikið til þátttöku í leikskólastarfinu.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Skipulagsdagar
 - 26. september – sameiginlegur
 - 28. nóvember – sameiginlegur
 - 9. janúar
 - 16. mars – sameiginlegur
 - 8. maí
 - 1. júní





Samband Íslenskra
Sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Steinahlíð

	AGUST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 S	1 F	1 F	1 M	1 M
2 L	2 P	2 F	2 S	2 P	2 F	2 M	2 M	2 M	2 F	2 L	2 P	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 P	3 P	3 P	3 F	3 S	3 M	3 F
4 Míndagur veitlunnar	4 F	4 L	4 P	4 F	4 S	4 M	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 F	5 S	5 P	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 F	6 D	6 F	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 P	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 L	7 P	7 F	7 S	7 P
8 F	8 Míðagun nýja barns / Dagur 8 M	8 M	8 L	8 Míðagun gegn andi	8 M	8 S	8 S	8 S	8 M	8 F	8 Míðagun	8 M
9 L	9 P	9 F	9 S	9 P	9 F	9 M	9 M	9 M	9 F	9 L	9 P	9 F
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 P	10 P	10 P	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 F	11 F	11 P	11 F	11 S	11 M	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 F	12 S	12 P	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 P	13 F	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 F	14 S	14 P	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 L	14 F	14 F	14 S	14 P
15 F	15 Míðagun nýja barns	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 P	16 F	16 M	16 Míðagun	16 Míðagun	16 F	16 L	16 P	16 F
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 S	17 P	17 F	17 S	17 Míðagun	17 F
18 M	18 F	18 L	18 P	18 F	18 S	18 M	18 Míðagun	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 S	19 P	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 F	20 P	20 F	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 F	21 S	21 P	21 F	21 M	21 M	21 L	21 L	21 L	21 F	21 F	21 S	21 P
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 S	23 Þ	23 Míðagun - upplif þorra	23 Míðagun - upplif þorra	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 Míðagun milli skóla	25 F	25 L	25 P	25 F	25 S	25 M	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 F	26 S	26 P	26 F	26 L
27 M	27 L	27 M	27 F	27 F	27 Þ	27 F	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 F	28 S	28 P	28 F	28 F	28 M	28 L	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 P
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 L	30 P	30 Þ	30 F
31 S		31 F		31 M	31 L			31 Þ	31 M	31 S		31 F



10 Fylgiskjöl

F. h. leikskólans Steinahlíðar

Bergsteinn

8.8.2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð lýsir yfir mikilli ánægju með leikskólann Steinahlíð og starfið sem fer þar fram. Lítil starfsmannavelta er á leikskólanum, samanborið við aðra leikskóla, og virðist starfsánægja vera nokkuð mikil. Þessi atriði smita út frá sér til barnanna sem dvelja á Steinahlíð enda virðist vellíðan barna vera í fyrirrúmi á leikskólanum.

Mikil ánægja er með tengsl starfsins við náttúruna og þau umhverfissjónarmið sem börnunum er kennt á leikskólanum. Má sem dæmi nefna ruslatínsludaginn og taka börnin glöð þátt á þeim degi.

Foreldrasamstarf er einnig gott og hafa foreldrar greiðan aðgang að starfsfólki til að ræða hin ýmsu mál.

Athugasemdir foreldraráðs snúa aðallega að togstreitunni sem ríkir milli Reykjavíkurborgar og Sumargjafar varðandi hver skuli standa straum af kostnaði ef þörf er á endurbótum eða viðgerðum á lóð leikskólans. Mikilvægt er að þetta verði skýrt betur.

Jafnframt lýsir foreldráð yfir áhyggjum af fyrirhuguðum áætlunum Reykjavíkurborgar um töku landsvæðis vegna Borgarlínunnar. Landsvæðið sem um ræðir er mikið notað í útinámi og mun takmarka svæðið sem leikskólinn hefur til umráða svo um munar. Lóð Steinahlíðar er stór og mikil og hefur verið skipt niður í tún, trjágróður, brekkur, matjurtagarð o.s.frv. Foreldraráð er boðið og búið til að veita Reykjavíkurborg ráðgjöf, í samráði við starfsfólk leikskólans, hvernig megi haga lóðinni með fyrirhugaðri töku vegna Borgarlínunnar.





Foreldraráð leikskólans skipa:

Gunnhildur Gunnarsdóttir

Birta Sif Arnardóttir

Arnar Þór Arnarsson

Juliana Werneburg

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:





Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



